



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Verkefnisstjóri
fornleifarannsóknna
Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 20
(354) 865 99 42

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Ísafjarðarbær
Axel Rodriguez Överby
Hafnarstræti 10
400 Ísafjörður

28. júní 2018
MÍ201805-0093/ 6.09 / S.B.

Efni: Umsögn um deiliskipulagstillögu í landi Sæborgar í Aðalvík á Hornströndum

Með tölubréfi dagsettu 14. maí síðastliðinn er óskað eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu fyrir frístundahús á Sæborg í Aðalvík á Hornströndum. Í viðhengi var uppdráttur ofan á loftmynd ásamt greinargerð Ísafjarðarbæjar dagsett apríl 2018. Á skipulagssvæðinu eru fyrir tvö hús og gerir skipulagið ráð fyrir einu til viðbótar.

Minjastofnun er ekki kunnugt um að fornleifar hafi verið skráðar á svæðinu eins og lög gera ráð fyrir að gert sé fyrir deiliskipulagsgerð.¹ Í greinargerði skipulagstillögunnar kemur fram að í Sæborg hafi verið vísir af þorpi. Um minjar segir eftirfarandi í greinargerðinni:

Fjós- og hlöðutóft og votheystóft austan við hana. Neðst í túninu er grunnur af beitingaskúr og steinhlað undan fiskhjalli.

Á loftmynd virðast vera mun fleiri tóftir/minjar innan skipulagssvæðisins.

Minjastofnun getur ekki metið hvort minjar verða í hættu vegna framkvæmdanna fyrr en fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir svæðið. Vert er að benda á að skynsamlegt gæti verið að skrá alla jörðina. Slík skráning myndi nýtast á ýmsan hátt meðal annars við frekara skipulag á svæðinu í framtíðinni.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang


¹ 16. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Sigurður Bergsteinsson
Rannsóknar- og
miðlunarsvið
sigurdur@minjastofnun.is

fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Sigurður Bergsteinsson
Rannsóknar- og miðlunarsvið

Afrit sent: Skipulagsstofnun Íslands